

Alþingi  
Erindi nr. 5117/1481  
komudagur 30/12 1993

Nefndadeild skrifstofu Alþingis  
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa  
Þórshamri, Templarasundi  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 1993

Húsfélögin Æsufell 2-4-6 hafa móttengið frumvarp til laga um fjöleignarhús, ásamt bréfi yðar dags. 17. nóvember 1993 og viljum við þakka það traust sem okkur er sýnt með því að fá frumvarpið til umsagnar.

Hússtjórnarmeðlimir hafa lesið frumvarpið yfir og rætt efni þess í grófum dráttum. Sjáum við í fljótu bragði enga agnúa á því, en fögnum ýmsum breytingum sem fram koma sbr. sanngjarnari kostnaðarskiptingu.

F.h. stjórnar Sameignarinnar Æsufells 2-4-6



Anna Lóa Aðalsteinsdóttir  
skrifstofumaður